

## Skýrsla stjórnar Minjaverndar hf. starfsárið 2003.

Á aðalfundi Minjaverndar hf. þann 15. apríl 2003 voru eftirtalin kjörin í stjórn félagsins: Sem aðalmenn Helga Jónsdóttir, Skarphéðinn Berg Steinarsson, Þröstur Ólafsson, Salvör Jónsdóttir og Þórhallur Arason. Benedikt Geirsson, Kristín Einarsdóttir og Hafsteinn Hafsteinsson voru kjörin varamenn. Endurskoðandi félagsins var kjörin Anna Kristín Traustadóttir löggiltur endurskoðandi. Á fyrsta fundi nýrrar stjórnar var Skarphéðinn Berg Steinarsson kjörinn formaður stjórnar og Helga Jónsdóttir varaformaður. Framkvæmdastjóri félagsins er Þorsteinn Bergsson.

Stjórn Minjaverndar hf. hélt 6 bókaða stjórnarfundum á liðnu starfsári. Hér verður gerð grein fyrir helstu atriðum í starfi félagsins.

### Ingólfsnaust að Aðalstræti 2, verkalok.

Minjavernd tók við húsum á horni Aðalstrætis og Vesturgötu í september 2000, er Reykjavíkurborg gerðist hluthafi í félaginu. Tilgangur var að Minjavernd stæði fyrir endurbyggingu húsanna, fjármagnaði og fengi þeim afnot sem þættu heppileg og stæðu undir endurgreiðslu kostnaðar til lengri tíma lítið.

Að undangenginni nokkurri umræðu um endurgerð þeirra var ákveðið að líta á húsinn sem tvö hús, byggð í áföngum og ólík að formi á yfir 50 ára tímabili og tengja þau saman með nútímalegri tengibyggingu úr stáli og gleri. Úr yrði þannig ein heild. Endurbygging hófst í sumarbyrjun 2002 og fyrsta starfsemi hófst þar í apríl 2003 er Höfuðborgarstofa opnaði formlega starfsemi sína sem felst í að reka Upplýsingamiðstöð ferðamanna í Reykjavík ásamt því að kynna borgina út á við og hafa á hendi stjórn viðburða í borginni. Önnur starfsemi sem í húsið hefur fluttst tengist öll með einum hætti eða öðrum þjónustu við ferðamenn eða skyldan rekstur.

Endurbyggingu hússins lauk undir árslok 2003 og í janúar 2004 flutti síðasti leigutakinn inn og var húsið þá allt komið í útleigu. Í húsinu eru nú alls um 11 rekstraraðilar. Auk Höfuðborgarstofu eru þar t.d. Landsbankinn, Bláa Lónið, Rammagerðin og veitingastaðurinn Sjávarkjallarinn sem nýlega var valinn sem einn af 66 bestu nýju veitingastöðum veraldar í ferðatímaritinu Condé Nast Traveler. Auk þessara aðila eru þar til húsa þjónustufyrirtæki eins og Tax Free á Íslandi, Netvísir, Curio, What's on.is og ferðaskirfstofan Embla.

Við upphaf framkvæmda var gengið út frá kostnaðaráætlun að upphæð kr. 374 m.kr. með vsk. Var þar ekki gert ráð fyrir kostnaði við lóðarfrágang sem metinn er um 6,4 m.kr. Heildarkostnaður með vsk. var þannig áætlaður um 380 m.kr. Af framkvæmdinni voru um 78 % af vsk endurgr. eða um 58,3 m.kr.. Áætlaður kostnaður að frádreginni endurgr. vsk. nemur því um 321,7 m.kr. Byggingarkostnaður hússins með lóð og stjórnunarkostnaði öllum var hins vegar 283,8 m.kr. eða 88.2 % af áætluðum kostnaði. Má mjög vel við það una, sérstaklega með tilliti til þess að um endurbyggingu gamalla húsa er að ræða, mikil yfirtíð var unnin við framkvæmdina og óvissa veruleg.

Lokið er gerð allra leigusamninga í húsinu og er ljóst að tekjur skila sér í upphafi í fullu samræmi við áætlanir og nokkru betur svo nemur fáum prósentum.

Að loknu fyrsta heila rekstrarári hússins verður betur séð hvort þær rekstraráætlanir sem gerðar voru í upphafi standast veruleika, en ekkert bendir til annars en að svo sé.

## Framkvæmdir á hornlóðum Aðalstrætis og Túngötu. Sýningarskáli og Hótel Reykjavík.

Minjavernd tók við lóðum á horni Aðalstrætis og Túngötu ásamt húsinu Aðalstræti 16 er Reykjavíkurborg gerðist hluthafi í félaginu árið 2000. Var þá þegar ráð fyrir því gert að reisa á lóðunum hótel. Um þá framkvæmd var sem kunnugt er stofnað félagið Innréttingarnar ehf sem Minjavernd átti með Þyrpingu en síðar með Fasteignafélaginu Stoðum.

Fundur rústar víkingaaldarskála á lóðinni tafði framvindu máls verulega en þann 31. janúar 2003 var gengið frá samningum milli Innréttinganna og Reykjavíkurborgar um fyrirkomulag uppbyggingar. Fólst það í að Reykjavíkurborg reisti um 1.200 m<sup>2</sup> skála undir hótelinu í kringum rústina og fyrir sýningu um upphaf byggðar hér á landi. Hótelið sem er um 3.700 m<sup>2</sup> rís ofan á skálanum.

Á útmánuðum 2003 var unnið að samningum við leigutaka hússins, Ólaf Torfason og verktaka að byggingu þess, Íslenska aðalverktaka. Samningum þessum var lokið í apríl. Framkvæmdir við sýningarskálann hófust síðan í september á vegum Reykjavíkurborgar er annaðist uppsteypu sökkla, skálans og plötu hótelsins. Verktaki Innréttinganna komst að verki fyrri hluta janúar 2004 og hafa framkvæmdir gengið mjög vel. Uppsteypu nýbygginga er lokið, gamla húsið Aðalstræti 16 komið í endanlega stærð og unnið að frágangi utandyra sem innan. Samkvæmt samningum skal húsið vera fullbúið í apríl 2005 og verður þá opnað nýtt mjög sérstakt hótel í miðborg Reykjavíkur, 89 herbergi í gömlu og nýju umhverfi hvar sem næst lesa má byggingarsögu Reykjavíkur frá landnámi til okkar daga.

Sýningarskálinn mun opna síðar og hefur verið lagt til að það verði á útmánuðum 2006.

Heildarkostnaður við hótelið fullbúið er áætlaður um 1.230 m.kr. Þar af er gert ráð fyrir að Innréttingarnar beri um 850 m.kr. og hótélrekandi um 380 m.kr. Kostnaður Reykjavíkurborgar vegna uppsteypu sýningarskála og frágangs hans er áætlaður 280 m.kr. og kostnaður við sýninguna sjálfa og forvörslu rústarinnar um 150 m.kr. Í heild er hér því um fullfrágengna framkvæmd að ræða upp á 1.660 m.kr.

Hér er á ferð mjög metnaðarfull framkvæmd og er það sannfæring þeirra sem að henni standa að hún muni verða lyftistöng fyrir þennan hluta miðborgar Reykjavíkur á margan máta og það um langa framtíð.

Eftir að öllum samningum um framkvæmdina var lokið og framkvæmdir á vegum Innréttinganna komnar vel af stað varð það úr að Minjavernd seldi eignarhluta sinn í Innréttingunum til sameiganda síns Stoða. Var það í fullu samræmi við fyrirhugaðar áætlanir í upphafi. Í þeim samningum var frá því gengið að tryggt er að sjónarmiðum Minjaverndar um varðveislu Aðalstrætis 16 verður fylgt og öllu heildaryfirbragði uppbyggingar á reitnum. Er Minjavernd tók við lóðum þessum og húsinu Aðalstræti 16, voru þær metnar að upphæð 60 m.kr. með Grjótagötu 4. Eignir þessar hafa nú allar verið seldar, samtsls fyrir 85.9 m.kr. Ber að þakka Stoðum og Reykjavíkurborg fyrir mjög gott samstarf við úrlausn þessa verkefnis alls.

## Aðalstræti 10.

Reykjavíkurborg keypti á árinu 2001 húsið Aðalstræti 10 en það er talið annað tveggja elstu húsa borarinnar ásamt Aðalstræti 16, bæði hluti af húsum Innréttinga Skúla Magnússonar fógeta. Lengi vel var á 20. öld í húsinu verslun Silla og Valda, en í á annan áratug hafa nú verið rekin öldurhús þar. Vitað er að illa hefur verið farið með upphaflega viði hússins og ekki vansalaust að hafa það í núverand ástandi. Nú þegar fyrir séð er að götulína Aðalstrætis að vestanverðu verður búin að fá endanlega mynd sína innan hálfis árs verður endurgerð þessa húss það eina sem út af stendur. Stjórn Minjaverndar hefur rætt það að vel væri viðeigandi að Minjavernd komi að þeirri endurgerð og hefur félagið sýnt því áhuga gagnvart Reykjavíkurborg.

## Kirkjustræti.

Eftir að mestum þunga verks við endurbyggingu Ingólfsnausts lauk og fyrir séð að framkvæmdir á hornlóðum Aðalstrætis og Túngötu væru komnar á beina braut, hefur Minjavernd horft til þess hvort og hvar félagið geti stutt frekari uppbyggingu í miðborg Reykjavíkur og hvar þau sjónarmið sem félagið starfar eftir geti átt við. Húsálina Kirkjustrætis frá Dómkirkju að Herkastala hefur verið lagfærð að miklu leyti og af myndarskap, bæði Alþingis og safnaðarstjórnar Dómkirkju. Eftir stendur þó að taka ákvörðun um kaflann frá og með Skjaldbreið að horni Tjarnargötu. Sem innlegg í umræðu um hvernig mætti ljúka uppbyggingu meðfram Kirkjustræti lagði Minjavernd til yfirvalda hugmynd um að húsið Vonarstræti 12 verði flutt frá núverandi stað yfir á horn Tjarnargötu og Kirkjustrætis og húsið Skjaldbreið endurgert á milli þess og þeirra húsa sem Alþingi hefur þegar endurgert á vandaðan máta. Hluti þessarar hugmyndar er gamall, en þessi útfærsla ný og jafnframt fylgdi það tilboð að Minjavernd væri reiðubúin til að annast og kosta framkvæmdina, en Alþingi greiddi þá byggingarkostnað á tilteknum árafjölda og ætti húsin að þeim tíma liðnum. Hugmynd þessi var eingöngu sett fram sem einn valkostur, en félagið er mjög svo reiðubúið til að útfæra hana með Alþingi eða hönnuðum þess, ef áhugi reynist fyrir samstarfi á grunni hennar. Minjavernd telur sig hafa sýnt fram á að félaginu hefur tekist að framkvæma verk af þessum toga á ódýrari máta en almennt er reyndin á.

## Vallarstræti – Thorvaldsenstræti.

Samhliða því að horfa til þess hvort og með hvaða hætti félagið gæti komið að uppbyggingu við Kirkjustræti hefur verið skoðað með hvaða hætti væri hægt að standa að uppbyggingu við Vallarstræti frá Austurvelli að Aðalstræti og jafnframt tenging slíkrar uppbyggingar við hús við Thorvaldsenstræti milli Vallarstrætis og Austurstrætis.

Hefur þar verið hugsun að efna til marghliða samstarfs við viðkomandi borgaryfirvöld um útfærslur, fjárfesta og verktaka sem áhuga kynnu að hafa á uppbyggingu þessari. Vinna þessi er á byrjunarstigi, en þegar er ljóst að áhuga gætir í hópi allra þeirra sem rætt hefur verið við. Jafnframt liggur fyrir að ásýnd þessa hluta miðborgar er henni ekki sæmandi og full ástæða til úrbóta.

## Leigusamningar.

### *Samningar í Ingólfsnausti.*

1. Gengið hefur verið frá leigusamningi við Rammagerðina ehf. um rekstur verslunar á 1. hæð vesturhúss.
2. Gengið hefur verið frá leigusamningi við Bláa Lónið um rekstur verslunar í tengibyggingu.
3. Gengið hefur verið frá viðbótarsamningi við Reykjavíkurborg um húsnæði fyrir Höfuðborgarstofu í tengibyggingu.
4. Gengið hefur verið frá leigusamningi við fjóra einstaklinga um húsnæði fyrir veitingastað, Sjávarkjallarann, í vesturhúsi.
5. Gengið hefur verið frá leigusamningi við Netvísi, What's on.is um húsnæði á 2. hæð vesturhúss. Félagið leigir út frá sér til annarra aðila á 2. hæð.
6. Gengið hefur verið frá leigusamningi við Tax Free á Íslandi um húsnæði á 3ju hæð vesturhúss.
7. Gengið hefur verið frá leigusamningi við Yngva Örn Stefánsson um húsnæði á 3ju hæð vesturhúss.

### *Samningar í Ísafold.*

Gengið hefur verið frá samningi við Guðvarð Gíslason um leigu á jarðhæð og 1. hæð hússins fyrir veitingastað. Losa þurfti fyrri rekstraraðila út úr húsinu.

### *Samningar á Bernhöftstorfu.*

1. Gengið hefur verið frá endurnýjun leigusamnings við Guðmund Hansson um veitingahúsnæði, Lækjarbrekku, að Bankastræti 2.
2. Gengið hefur verið frá samningi við Pennann um yfirtöku samnings við Mál og menningu um bóka og minjagripaverslun að Bankastræti 2.
3. Á lokastigi er endurnýjun samnings við þrjá einstaklinga um húsnæði fyrir veitingastað, Humarhúsið, að Amtmannsstíg 1.
4. Á lokastigi er endurnýjun samnings við Ferðamálaráð um húsnæði í Gimli, en vegna framkvæmda við húsið hefur dregist nokkuð frágangur þess samnings.
5. Á lokastigi er samningur við Kleyf um húsnæði í Kornhlöðu og Gamla bakaríinu að Bankastræti 2.

Alls eru leigusamningar félagsins 19 talsins. Innheimta leigu hefur gengið vel og voru engar afskriftir á árinu vegna vanskila. Minjavernd veitti hins vegar leigutökum við Bankastræti eftirgjöf á leigu vegna framkvæmda við endurnýjun götunnar sl. vor og sumar. Jafnframt var húsnæði fyrir Upplýsingamiðstöð ferðamanna á Bernhöftstorfu tekjulaust um nokkurra mánaða skeið vegna flutnings yfir að Aðalstræti 2. Tekjumissir þessu samfara nemur tæplega 3 m.kr. Almennt hafa afskriftir leigu vegna vanskila verið hverfandi hjá Minjavernd um árabíl.

## Viðhald húseigna Minjaverndar í Reykjavík.

Á liðnu ári var varið töluverðum fjármunum til viðhalds húsa Minjaverndar. Einkum var um að ræða viðhald hússins Gimli á Bernhöftstorfu. Það hús var lagfært töluvert 1989, en komið á tíma á ný, og ljóst að það verður viðhaldsfrekt um framtíð. Fyrir byggingarsögu sakir er það hús merkilegt, hlaðið að hluta úr Mjölnissteini og hefur að

geyma fyrstu járnbentu steyptu plötur landsins, en að sama skapi er það og verður erfitt í viðhaldi. Styrkja þurfti þakplötu turns og þar með lagfæra hluta efri hæðar ásamt því sem húsið var lagfært töluvert að utan og reynt að gera við og þetta sprungur í hleðslu.

Töluverðar endurbætur voru á neðri hæð Landlæknishúss, en þar var gólf veitingasala endurnýjað ásamt hitalögnum o.fl. Jafnframt var húsið Ísafold í Aðalstræti málað utan að miklu leyti. Að öðru leyti var um að ræða almennt viðhald, en félagið hefur reynt að sinna því vel eftir föngum.

Um nokkurt árabíl hefur verið horft til þess að lýsa upp húsin á Bernhöftstorfu til samræmis við lýsingu á Stjórnarráð og Menntaskóla. Þessu hefur verið ýtt til hliðar um árabíl, en á liðnu ári var í þetta ráðist og skönnu fyrir jól var lokið við stærstan hluta lagna og kastara. Þykir vel hafa tekist til með þann áfanga og verður nokkrum kösturum bætt við fyrir næsta vetur.

Alls varði félagið kr. 11.8 m.kr. til viðhalds á liðnu ári sem er töluvert meira en árið á undan.

### Aðrar framkvæmdir eða áform á vegum Minjaverndar.

1. *Bókhlaðan í Flatey*. Allt frá 1985 hefur félagið annast vörslu og viðhald Bókhlaðunnar í Flatey á Breiðafirði. Húsið sem er ósköp lítið er elsta hús byggt fyrir bókasafn á landi hér og nýtist enn sem slíkt.
2. *Eyjólfspakkhús í Flatey*. Nú eru liðin tæp tvö ár síðan lokið var við viðgerð hússins. Hefur það verið í almennri notkun og þótt lukkast vel. Tekjur af útleigu þess munu aukast á þessu ári, en jafnframt þarf að sinna viðhaldi þess.
3. *Stórapakkhús – Samkomuhús í Flatey*. Húsum þessum hefur einungis verið sinnt að lágmarki undanfarin ár en fyrir þremur árum var vesturgafli Stórapakkhúss endurnýjaður. Er nú svo komið að nauðsynlegt er talið að ráðast í endurbætur þeirra að utan, jafnframt því sem endurnýja þarf innra burðarvirki Stórapakkhúss. Hefur nú verið ákveðið að hefja þær viðgerðir og er þegar lokið einni vinnuferð á þessu ári.
4. *Sjóvarnargarðar – Silfurgarður í Flatey*. Fyrir nokkrum árum átti Minjavernd frumkvæði að því með Þjóðminjasafni að ráðast í gagngerar endurbætur á gömlum hleðslum Silfurgarðs og Stóragarðs. Er nú komið að því að halda þarf því verki áfram. Í gegnum aldir hafa íbúar sinnt sínum vörum og hleðslum á hverju vori, en því ekki til að dreifa lengur. Sem lið í að ganga frá umhverfi Eyjólfspakkhúss lét Minjavernd lagfæra Eyjólfspan á árinu 2003. Nauðsynlegt er að afla fjár til frekari lagfæringa þessara gömlu mannvirkja, en Silfurgarður var stærsta einstaka einkaframkvæmd hér á landi á fyrri hluta 19. aldar.
5. *Ólafsdalur*. Minjavernd átti fyrir þremur árum í viðræðum við menntamálaráðuneyti, landbúnaðarráðuneyti og fleiri aðila um hvernig hægt væri að nýta húsið og annaðist gerð kostnaðaráætlunar á viðgerð þess að innan. Ekkert hefur verið unnið í þessu máli á liðnu ári, en lítið er svo á að málið sé geymt, en ekki gleymt og komi upp fletir í lausn á nýtingu og fjármögnun viðgerðar hússins geti félagið komið að máli.
6. *Símahús á fjöllum*. Lagning símanns frá Seyðisfirði til Reykjavíkur 1905 og 1906 var stærsta einstaka framkvæmd hér á landi á 20. öld fram að seinna stríði. Einkum var mikið í ráðist við að leggja línu yfir hálendi frá Héraði til Vopnafjarðar og þaðan yfir að Grímsstöðum á Fjöllum. Minjavernd hefur á undanförunum tvemur árum kannað línulögn þessa og ummerki þeirra húsa sem

reist voru meðfram línunni á sínum tíma. Hefur félagið tekið saman bækling um línulögnina og jafnframt lagt upp með áætlun þar um endurgerð þessara gömlu símahúsa. Er þar bæði um sögulega varðveislu að ræða og einnig getur það bætt aðstöðu fyrir ferðamennsku á þessari leið. Með endursmíð húsaanna væru komnir heppilegir áfangastaðir ferðamanna á göngu yfir þessi svæði, en slíkum ferðum hefur fjölgað mjög á liðnum árum.

7. *Ríkið á Seyðisfirði.* Að beiðni fjármálaráðuneytis hefur Minjavernd skoðað hús ÁTVR á Seyðisfirði og gengið frá greinargerð um ástand þess. Jafnframt gert þar tillögu að notkun þess og endurgerð, ásamt því að láta vinna kostnaðaráætlun byggða á ástandi hússins og framlögðum tillögum. Félagið hefur lýst sig reiðubúið að vinna frekar að lausn eða framkvæmd endurgerðar hússins eftir því sem ástæða þykir til eða þörf verður á.
8. *Þórshamar á Seyðisfirði.* Í samvinnu við eigendur hússins Þórshamars á Seyðisfirði, Ker hf., hefur Minjavernd unnið greinargerð um húsið, metið ástand þess, lagt fram tillögu að endurgerð og unnið kostnaðaráætlun þeirrar viðgerðar. Framhald þess er nú í höndum Kers að meta.
9. *Merki Minjaverndar.* Stjórn Minjaverndar hefur á undanförunum árum rætt nauðsyn þess að félagið merki þau hús eða mannvirki sem það hefur unnið að varðveislu á eða lagt lið á nær 20 ára starfstíma. Á liðnu ári var unnin tillaga að slíku merki og verður hafin uppsetning þeirra nú í sumar.
10. *Heimildamyndir – efnisöflun – söguskráning.* Í tengslum við framkvæmdir á vegum félagsins hefur verið unnið að því að skrá framkvæmd og rita sögu einstakra húsa. Jafnframt hefur þess verið gætt að ljósmynda vel framvindu verka og félagið á nú orðið umtalsvert myndasafn með miklu heimildagildi. Jafnframt hefur félagið látið taka vandaðar vídeomyndir af helstu verkum á seinni árum. Auk þessa hefur verið svipast eftir eldra myndefni eftir föngum. Stjórn félagsins hefur rætt nauðsyn þess að koma efni þessu á framfæri, bæði með útgáfu rita og jafnframt er á vegum þess nú til staðar mikið videoefni um uppbyggingu bæði Bernhöftstorfu og Aðalstrætis. Rætt hefur verið við Eddu – útgáfu um aðkomu að útgáfu rita, Lífsmynd um þáttagerð um uppbyggingu Aðalstrætis og VÓK-film um þáttagerð um uppbyggingu Bernhöftstorfu. Vinna þarf enn frekar á þessum vetvangi á næsta ári.

## Fjárhagsstaða og afkoma Minjaverndar hf.

Afkoma Minjaverndar á árinu 2003 var jákvæð, en hagnaður ársins nam 1,7 m.kr. Rekstrartekjur námu 60 m.kr. en þar af var söluhagnaður 13,3 m.kr. Hreinar rekstrartekjur námu 50,7 m.kr. en voru 42.5 m.kr. 2002. Með tilkomu Ingólfsnausts munu tekjur aukast töluvert á þessu ári. Rekstrargjöld námu 44,4 m.kr. Eignir félagsins í árslok voru 767,1 m.kr., skuldir 399,7 m.kr. og eigið fé því 367,4 m.kr. Eiginfjárhlutfall var 47.9 %, arðsemi eigin fjár 0.5 % og veltufjárhlutfall 0.16. Á liðnu álfu öðru ári hefur félagið ráðist í umtalsverðar framkvæmdir fyrir eigin reikning við endurbyggingu Ingólfsnausts og fjármagnað þær allar með lántöku. Við upphaf þeirra framkvæmda var gert ráð fyrir lántökum vegna Ingólfsnausts og endurfjármögnunar að upphæð 394 m.kr. Framkvæmdir voru sem fyrr segir tæplega 40 m.kr. undir áætlun, en lántökur til þessa hafa numið 300 m.kr. Fyrirhugað er að taka til viðbótar langtímalán að um 20 m.kr. Veltufjárhlutfall má skoða í þessu ljósi.

## Reikningsuppgjör – reikningsskil.

Ársreikningur félagsins er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og undanfarin ár. Eftir þær lagabreytingar að hætt var að færa verðbreytingafærslur inn í reikninginn er ljóst að fjárhagsleg afkoma Minjaverndar eins og annarra félaga í skyldum rekstri verður mun lakari en ella hefði verið. Þannig hefði hagnaður félagsins numið um 9.5 milljónum miðað við fyrra form á liðnu ári. Mörg þeirra félaga sem hafa skyldan rekstur hafa þegar ákveðið að breyta reikningsuppgjöri eða eru að skoða slíkt. Hefur þar m.a. verið horft til staðals IAS-40. Eru þar eignir metnar á grundvelli þeirra tekna sem þær gefa af sér. Eignir félagsins á Bernhöftstorfu eru t.d. metnar í reikningi upp á 237 m.kr. en gefa í dag af sér um 2,7 m.kr. á mánuði. Má því þegar leiða að því rök að um duldar eignir sé þar að ræða þótt ekki séu mörg ár síðan þær voru metnar miðað við 1% af tekjum við breytingu Minjaverndar yfir í hlutafélag árið 2000 eða á tæpum 4 árum. Rétt er að stjórn félagsins fylgist vel með þeirri umræðu og þróun viðurkenndra reglna að þessu leyti og skoði hvort rétt sé að taka upp breytt form á ársuppgjöri Minjaverndar fyrir yfirstandandi ár.

## Niðurlag.

Staða Minjaverndar er góð. Við umtalsverðar framkvæmdir liðins árs hefur tekist að halda allar áætlanir og gott betur. Fjárhagur félagsins hefur styrkst og þetta gerir félaginu kleyft að ráðast í fleiri verkefni er fram líður. Á liðnum árum hefur meginþungi í starfi félagsins verið í miðborg Reykjavíkur. Þeim verkum er lokið á núverandi starfstíma stjórnar, en félagið hefur þegar lagt fram hugmyndir og tillögur að frekari verkefnum þar. Stjórn félagsins hefur hins vegar haft í hyggju að styrkja starf félagsins úti á landi eins og fjallað hefur verið um hér að framan.

Skýrslan samþykkt á stjórnarfundum Minjaverndar hf. 7. maí 2004.